

Nr. 20-101 S 068 Drangur ÁR 307**Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 1686
IMO: 8658138
Smíðaður: Njarðvík 1984, stál
Útgerð: Aurora Seafood ehf.
Stærð: 263 bt.
Mesta lengd: 28,95 m Skráð lengd: 25,47 m
Breidd: 6,98 m Dýpt: 5 m
Vél: M.T.U. 700 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 3



Drangur©johann

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. september 2020 var togskipið Drangur ÁR 307 á siglingu á SA miðum. Veður: SA 5-6 m/sek.

Skipið hafði verið á sæbjúguveiðum með plóg út af Hvítungum við Hvalsnes og var á siglingu til hafnar en þá stöðvaðist aðalvélin ítrekað. Skipverjum tókst að gangsetja hana alltaf aftur en hún gekk ekki undir álagi. Drangi var siglt í fylgd annars skips til hafnar á Djúpavogi.

Við rannsókn kom fram:

- að smurþrýstingurinn á vélinni féll þegar vélin var komin á fulla ferð, vaktkerfi fyrir vélina kom þá inn og drap á henni;
- að við skoðun kom í ljós að loki á aftöppunarlögn var fyrir mistök opin, smurolúdælan á vélinni náði að draga loft þar í gegn og smurþrýstingurinn féll.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.